

Ráðuneytið vísar til fundar með fjárlaganefnd þann 14. desember sl. þar sem fram komu spurningar um samgöngu- og póstmál

### *Samgöngumál*

#### *1. Yfirfærsla vega*

*Sveitarfélög gera athugasemdir við yfirfærslu vega þar sem þeim fylgir ekki viðhaldsfé og gera „kröfu“ um að fjármagn færist frá Vegagerðinni vegna þessa.*

- Hver er afstaða ráðuneytisins / Vegagerðarinnar til þessara kröfu almennt?*
- Er þessi ágreiningur í einhverju ferli?*
- og loks, liggur fyrir eitthvað arðsemismat almennt um hagkvæmni þess að sveitarfélög taki við vegum sem færust úr flokki stofnvega?*

Samkvæmt vegalögum, nr. 80/2007, skal Vegagerðin sjá um gerð og viðhald þjóðvega sem ætlaðir eru almenningi til fjálsrar umferðar. Sveitarfélög skulu hafa umsjón með sveitarfélagsvegum en það eru vegir sem teljast ekki þjóðvegir skv. 8. gr. laganna, sbr. 9. gr. þeirra. Almennir tekjustofnar sveitarfélaga standa undir kostnaði við veghald sveitarfélagsvega, þ.m.t. rekstri og viðhaldi þeirra.

Með lögum nr. 80/2007 var skilgreiningu á stofnvegum breytt, sem eru ein tegund þjóðvega, sem leiddi til þess að tiltekinn hluti vega sem áður höfðu talist til þjóðvega í þéttbýli skv. eldri lögum féllu utan skilgreiningarinnar og töldust því eftir það til sveitarfélagsvega. Formlega séð var því ákvörðun um yfirfærslu þessara vega tekin fyrir um 14 árum síðan með samþykki Alþingis á nýjum vegalögum.

Erfiðlega gekk hins vegar að framkvæma yfirfærsluna og með lögum nr. 14/2015 var bætt við vegalög bráðabirgðaákvæði þess efnis að fram til ársloka 2019 væri Vegagerðinni heimilt að semja við sveitarfélög um að Vegagerðin annaðist tímabundið veghald veganna eða semdi við sveitarfélögin um það þrátt fyrir að ekki væri um þjóðvegi að ræða. Gildistími þessa bráðabirgðaákvæðisins var síðan framlengdur tvívegis og gildir það nú til loka árs 2021. Fellur þá úr gildi lagaheimild Vegagerðarinnar til að annast tímabundið veghald þessara vega.

Nokkuð hefur orðið ágengt í samningum Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna um útfærslu á yfirfærslu skilavega á þessu ári. Er í þeim samningum byggt á niðurstöðum starfshóps Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og liggur í stórum dráttum fyrir sameiginlegur skilningur á því hvaða vegir þetta eru og með hvað hætti Vegagerðin skili vegunum í viðunandi ástandi. Búast má við því að kostnaður við að koma skilavegum í umsamið ástand geti í heild numið rúmlega 2,1 ma.kr. sem greiðast mun af viðhaldsfé vegagerðarinnar á næstu fjórum árum. Er vonast til að samningar náist við flest sveitarfélögin um yfirfærsluna á þessum nótum áður en árið er liðið. Það er hins vegar ekki í umræðunni að ríkið fjármagni til frambúðar veghald umræddra vega, enda samræmist það ekki framangreindum ákvæðum vegalaga.

#### *2. Framlög til almenningssamgangna - samgöngusáttmálinn*

*Liggur fyrir ríkisstyrkur vegna eflingar almenningssamgangna verður framlengdur og áfram í gangi á næstu árum?*

*Hefur komið upp ágreiningur um framgang verkefnis um samgöngusáttmálann á höfuðborgarsvæðinu,*

- sem tefur næstu skref í því verkefni?*
- Ef svo er, hvar liggur töfin?*

Með samningi, dags. 7. maí 2012, hófu ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu 10 ára tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu,

Með samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 26. september 2019 lýstu aðilar þess vilja sínum til þess að vinna sameiginlega að endurskoðun samkomulags um tilraunaverkefni um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu og framlengingu á gildistíma þess um 12 ár, til 2034, en gildandi samkomulag rennur sitt skeið á næsta ári.

Í samkomulaginu frá 2019 kom fram að miðað yrði við að árleg framlög til verkefnisins í tillögum ráðherra til þingsályktunar um samgönguáætlun verði að lágmarki óbreytt að raunvirði út tímabilið. Þá verði í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða höfuðborgarsvæðisins horft til uppfærðra rekstraráætlana almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. um rekstur Borgarlínu.

Starfshópur viðkomandi ráðuneyta og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vinnur nú að gerð tillögu að endurskoðuðu samkomulagi í samræmi við framangreint. Er sú vinna á áætlun og má gera ráð fyrir niðurstöðum hennar öðru hvoru megin við áramótin. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að ágreiningur valdi töfum á framkvæmd Samgöngusáttmála.

### **Póstmál**

*Á fundinum kom fram sú spurning hvers vegna fallið var frá einni gjaldskrá um allt land í lögum um pósthjónustu með breytingu á lögnum nú í síðast liðið vor og hvernig miði vinnu nefndar sem þingið fór fram á að skipuð yrði við sama tækifæri.*

Við framlagningu frumvarps til laga um pósthjónustu, þingskjal 293 -270. mál., 149. löggjafarþing 2018-2019, var 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins, svohljóðandi:

*„Smásölugjaldskrá fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu skal vera sú sama um allt land.“*

Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að við afnám einkaréttar ríkisins á útburði bréfa þykir nauðsynlegt að kveða skýrt á um að allir notendur pósthjónustu skuli eiga þess kost að geta sent bréf, innan alþjónustu, á sama verði óháð búsetu.

Fyrir þriðju og síðustu umræðu frumvarpsins á Alþingi á 149. löggjafarþingi var 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins breytt án aðkomu ráðuneytisins, á þá veru að sama verð skyldi vera um allt land. Þegar löggin voru samþykkt var 2. mgr. 17. gr. svohljóðandi:

*„Gjaldskrá fyrir alþjónustu skal vera sú sama um allt land.“*

Þarna var ákvæðið talsvert útvíkkað frá framlagningu. Ekki aðeins var rætt um smásölugjaldskrá heldur gjaldskrá og í stað þess að tala um bréf allt að 50 g innan alþjónustu gildi ákvæðið um gjaldskrá fyrir alþjónustu en bréf og pakkar upp að 10 kg falla innan alþjónustu.

Við flutning póstmála frá Fjarskiptastofu til Byggðastofnunar árið 2021 koma fram í nefndaráliti umhverfis og samgöngunefndar Alþingis, í þingskjal 1633 – 534. mál. 151. löggjafarþing 2020 – 2021, ábendingar umsagnaraðila um ýmis álitaefni er varða pósthjónustu í landinu og nauðsyn þess að skapa grundvöll fyrir heilbrigða samkeppni á póstmarkaði. Einnig kemur fram:

*„Einkum hefur verið bent á vanda sem uppi er á póstmarkaði í kjölfar nýrra laga um pósthjónustu, nr. 98/2019, sérstaklega hvað varðar ákvæði 2. mgr. 17. gr. laganna sem kveður á um að gjaldskrá fyrir alþjónustu skuli vera sú sama um allt land.“*

Var það mat fagaðila að eitt verð um allt land hafi raskað samkeppni á póstmarkaði og flutningsmarkaði á landsbyggðinni.

Um gjaldskrá alþjónustu segir einnig í ofangreindu nefndaráliti, þingskjali 1633:

*„Nefndin visar til þess vanda sem upp kom á póstmarkaði í kjölfar nýrra laga um pósthjónustu, nr. 98/2019, sérstaklega hvað varðar ákvæði 2. mgr. 17. gr. laganna sem kveður á um að gjaldskrá fyrir alþjónustu skuli vera sú sama um land allt. Þá hafi hagsmunasamtök og einstök*

*fyrirtæki tjáð sig um þær afleiðingar sem viðkomandi telja að framkvæmd laganna hafi haft á sinn rekstur.*

*Nefndin leggur því til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að einungis verði kveðið á um að smásölugjaldskrá fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu skuli vera sú sama um land allt. Er það í samræmi við ákvæði 2. mgr. 17. gr. frumvarps til laga um pósthjónustu eins það var áður en það tók breytingum í meðförum þingsins.*“

Í dag er því 2. mgr. 17. gr., svohljóðandi:

*„Smásölugjaldskrá fyrir bréf allt að 50 g innan alþjónustu skal vera sú sama um allt land.“*

Ný gjaldskrá tók gildi 1. nóvember sl.

Með 8. gr. laga nr. 76/2021 var lögum um pósthjónustu nr. 98/2019 breytt og bætt við bráðabirgðaákvæði II í löginn, svohljóðandi:

*„Ráðherra, í samstarfi við ráðherra sem fer með fjármál og efnahagsmál, skal hið fyrsta skipa þverfaglegan starfshóp til að meta hvernig best megi ná markmiðum 1. gr., m.a. með hliðsjón af tækninýjungum, samkeppnissjónarmiðum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Í starfshópinn verði, auk fulltrúa ráðherra, skipaðir fagaðilar og fulltrúar sjónarmiða neytenda, atvinnurekenda og ólíkra byggða. Tillögur hópsins skulu settar fram í skýrslu, ásamt kostnaðarmati, og gerð skal grein fyrir áhrifum þeirra á póstmarkaðinn í heild sinni og hagrænum áhrifum í samkeppnislegu og byggðalegu tilliti. Skýrslan skal liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2021.“*

Starfshópurinn var skipaður 12. ágúst 2021. Undir handleiðslu Ísólfs Gylfa Pálmasonar skilaði hópurinn áfangaskýrslu þann 30. september 2021. Í áfangaskýrslunni, sem ekki hefur verið kynnt þinginu né kynnt opinberlega er að finna fjórar tillögur sem eru í vinnslu. Starfshópurinn skilaði síðan skýrslu sinni þann 15. desember sl. með fyrirvara um breytingar þar sem fulltrúum starfshópsins hefur ekki gefist nægur tími til að kynna skýrsluna fyrir sínum hagaðilum til að koma með ábendingar. Málefnið er flókið og verkefni sem tiltekin eru í áfangaskýrslu frá því september er ekki lokið. Verið er að skoða í ráðuneytinu hvort ekki sé rétt að framlengja vinnu starfshópsins.